

araðilja kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birt-
ingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júní 1970.

Nr. 14/1970. **Sjöfn h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Bergi Eiríkssyni
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Dómkreftur hans eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur frá 17. nóvember 1969 verði felldur úr gildi, stefnda verði synjað að svo stöddu um greiðslu af uppboðsandvirði m/b Sjafnar, VE 37, og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðar uppboðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 141/1967, eftirfarandi fjárnámi samkvæmt þeim dómi og úrskurði uppboðsdóms frá 13. maí 1968 hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar. Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sjófn h/f, greiði stefnda, Bergi Eiríkssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 1969.

Sóknaraðili máls þessa, Bergur Eiríksson, til heimilis Hlíðarvegi 46 í Kópavogi, hefur krafizt þess, að sér verði greiddar af uppboðsverði v/b Sjafnar, VE 37, eftirtaldar fjárhæðir: kr. 95.366.63 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags, kr. 12.100.00 í málskostnað, kr. 100.00 í dómsbirtingarkostnað, kr. 30.00 í endurritskostnað, kr. 1.740.00 í fjárnámskostnað, kr. 500.00 fyrir mót við uppboð. Hann krefst þess, að varnaraðiljanum, Sjófn h/f í Vestmannaeyjum, verði gert að greiða sér málskostnað vegna uppboðsmáls þessa.

Af hálfu varnaraðilja eru þær réttarkröfur gerðar, að upphæðir þær, er sóknaraðili krefst að fá, verði ekki greiddar honum, meðan ólokið er meðferð kæru varnaraðilja á hendur sóknaraðilja og eftirfarandi sakamáli, ef höfðað verður. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fór fram 12. þ. mán.

Málavextir eru þeir, að með bréfi til uppboðshaldarans í Reykjavík, dags. 9. janúar 1968, krafðist Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður þess, að v/b Sjófn, VE 37, yrði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar kröfu Bergs Eiríkssonar gegn Vesturmiðum h/f, en dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur hafði gengið í máli þessu, og fjárnám hafði farið fram í vélbát þessum, enda hafði dómurinn viðurkennt sjóveðrétt í honum, en báturinn er þinglesin eign Sjafnar h/f í Vestmannaeyjum.

Vegna mótmæla, er komu fram af hálfu uppboðspólans, Sjafnar h/f, var rekið uppboðsréttarmál vegna þessarar uppboðsbeiðni. Þessi mótmæli byggðust á því, að uppboðsgrundvöll skorti, þar eð Sjófn h/f hefði aldrei verið stefnt til sjó- og verzlunardóms. Vesturmið h/f, sem urðu gjaldþrota 23. marz 1968, hafi átt gagnkröfur á uppboðsbeiðanda, sem hafi jafnframt verið hluthafi í félaginu, en hlutafélag þetta hafi ekki látið halda uppi vörnum í sjó- og verzlunardómi og óraunhæfar kröfur hafi m. a. vegna

Þess náð fram að ganga. Loks hafi það fram komið, að þá er forráðamenn Sjafnar h/f gerðu kaupsamning um v/b Sjöfn, VE 37, við Vesturmið h/f hafi síðarnefnt hlutafélag ekki verið til á hlutafélagaskrá og hafi þeim verið þetta hulið, þar til Vesturmið h/f voru orðin gjaldþrota.

Öllum þessum mótbárum Sjafnar h/f var vísað á bug með úrskurði uppboðshaldara 13. maí 1968.

Fór uppboð fram á vélbátnum Sjöfn, VE 37, hinn 3. júlí 1968, og var Sjöfn h/f í Vestmannaeyjum hæstbjóðandi og bauð kr. 575.000.00 og krafðist jafnframt útlagningar sem ófullnægður 2. veðréttarhafi.

Er útlagning fór fram hinn 23. september 1968, lágu fyrir ýmsar kröfur, sem krafizt var greiðslu á af uppboðsverði, og var enginn ágreiningur um þær nema kröfu sóknaraðilja máls þessa og kröfu Sigurðar Bergs Bergsteinssonar, og var því lýst yfir, að þær væru ágreiningskröfur. Þá lá og fyrir, að Útvegsbanki Íslands í Vestmannaeyjum hafði sett kr. 250.000.00 bankatryggingu þessum tveim kröfum til lúkningar, ef til greina yrðu teknar í uppboðsréttarmáli.

Þannig mótmælti Sjöfn h/f enn sem fyrr, að fallizt yrði á kröfugerð sóknaraðiljans, og í réttarhaldi í uppboðsréttinum hinn 30. október s.l., þar sem fyrir lá frumvarp uppboðshaldara að útlutunargerð, mótmælti umboðsmaður Sjafnar h/f, að greiðslur þessar færu fram, meðan skiptum á þrotabúi Vesturmiða h/f væri ólokið og meðan ekki sé lokið rannsókn og/eða málshöfðun vegna kæru hans á hendur sóknaraðilja. Var þá ákveðið, að sérstakt uppboðsréttarmál yrði rekið um ágreining aðiljanna, og er það hér til úrskurðar.

Sóknaraðili vísar til dóms sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 141/1967, eftirfarandi fjárnáms og uppboðsgerðar, en engum þessara dómsathafna hafi verið áfrýjað. Hann heldur því fram, að hann sé ekki skyldur til að bíða lengur eftir greiðslu þessara fjárhæða og hafi raunar gert það hingað til algerlega utan skyldu, enda eigi kæra sú, sem varnaraðili hefur sent sakaðómi, engin áhrif að hafa á greiðslu til sín.

Varnaraðili vísar til endurrits af kærubréfi sínu til yfirsakadómara, dags. 24. júní 1968, rskj. nr. 5. Hann skýrir svo frá, að 19. janúar 1966 hafi Sjöfn h/f selt Vesturmiðum h/f vélbátinn Sjöfn, VE 37, og hafi Sigurður Berg Bergsteinsson ritað undir skuldabréf að fjárhæð kr. 1.790.000.00 sem formaður Vesturmiða h/f. Þá hafi það ekki verið vitað, sem síðar kom fram, að Vestur-

mið voru fyrst stofnuð 20. ágúst 1966, og hafi Sjöfn h/f verið beitt blekkingum að þessu leyti, og þeir, sem stóðu að kaupunum f. h. Vesturmiða h/f, beri persónulega ábyrgð á tjóni Sjafnar h/f. Nú hafi Vesturmið h/f verið tekin til gjaldþrotaskipta og ekki hafi komið fram við skiptin, að hlutafé hafi verið greitt þrátt fyrir staðhæfingar um það. Meðan vélbátur þessi var að nafninu til í eigu Vesturmiða h/f, hafi Sigurður Berg Bergsteinsson, formaður félagsstjórnar, tekið bátinn á leigu fyrir eigin reikning, en ekki verði séð, að hann hafi greitt neina leigu, og heldur ekki verði séð, að aflaverðmæti bátsins hafi gengið til félagsins. Aftur á móti komi fram af yfirlýsingu Þorgeirs Sigurðssonar endurskoðanda, að úttekt Sigurðar hafi numið kr. 192.466.40 frá 29. janúar 1966 til 9. september s. á., og verði því að telja ósennilegt, að Sigurður hafi átt nokkuð inni hjá Vesturmiðum h/f, er hann höfðaði skuldamálið, sem leitt hefur til uppboðs þessa, en hann hafi mjög getað flýtt þessum málarekstri og séð til þess, að ekki væri haldið uppi vörnum af hálfu Vesturmiða h/f.

Varnaraðili vísar til 144. greinar laga nr. 82/1961 og krefst þess, að fé þetta verði enn kyrrsett, meðan rannsókn og máli er ekki lokið vegna kæru hans til yfirsakadómara. Telur hann víst, að meðferð kærunnar ljúki á næstu dögum eða vikum.

Tilvitnun varnaraðilja í 144. grein laga nr. 82/1961 á ekki við í þessu máli, en greinin lýtur að gerðum dómarans í sakamáli, en slík beiðni um kyrrsetningu hefur ekki borizt borgarfégeta-embættinu. Aftur á móti segir í 117. grein laga nr. 85/1936, 2. mgr., að dómari geti frestað máli af sjálfsdáðum, ef hann fái grun um það, að refsivert athæfi hafi verið framið, sem opinbert mál hafi verið höfðað eða opinber rannsókn hafin út af, og telja meg, að úrslit rannsóknar eða máls skipti verulegu máli um úrslit einkamálsins.

Engin ástæða þykir vera til þess að beita síðastnefndri heimild í þessu máli. Upphæðir þær, sem sóknaraðili krefur sér til handa, eru í samræmi við dóm sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, og aðrar fjárhæðir virðast réttar. Ber að úrskurða, að sóknaraðili fái þessar upphæðir greiddar nú þegar.

Þá ber að úrskurða varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað vegna uppboðsmáls þessa. Sá málskostnaður þykir hæfilega tiltekinn kr. 10.000.00.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Kröfum Sjafnar h/f er hafnað.

Sóknaraðili fær greiddar af uppboðsverði v/b Sjafnar, VE 37, kr. 95.366.63 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags, kr. 12.100.00 í málskostnað, kr. 100.00 í dómsbirtingarkostnað, kr. 30.00 í endurritskostnað, kr. 1.740.00 í fjárnámskostnað, kr. 500.00 fyrir mót við uppboð.

Þá greiði varnaraðili, Sjöfn h/f í Vestmannaeyjum, sóknaraðilja kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. júní 1970.

Nr. 58/1969. Söfnunarsjóður Íslands

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gísur Bergsteinsson og Logi Einarsson og Magnús Thoroddson borgardómari.

Lögtaksgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. marz 1969 og krefst þess, að lögtak, sem hjá honum var gert 24. febrúar 1969, verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest, en til vara, að hún verði staðfest til tryggingar kr. 4.812.00. Í báðum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.